

Fjármálamarkaðir og aðgerðir Seðlabankans¹

Snúningur á gjaldeyrismarkaði - hækkandi gengi krónunnar

Fyrst eftir vaxtalækkun Seðlabankans í nóvember sl. hélt gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum áfram að lækka og náði sögulegu lágmarki 28. nóvember þegar vísitala gengisskráningar var 151,16 stig. Eftir að tiltölulega góðar fréttir bárust í lok nóvember af vöru- og viðskiptajöfnuði og spurðist að samkomulag aðila vinnumarkaðarins um frestun á endurskoðun uppsagnarákvæðis kjarasamninga kynni að vera í burðarliðnum tók gengi krónunnar að hækka. Frá ársbyrjun til 28. nóvember hafði vísitala gengisskráningar hækkað um 24,6% en hún lækkaði síðan um 6,2% til loka ársins. Viðskipti á millibankamarkaði með gjaldeyri námu rúmlega 1.200 milljörðum króna á árinu 2001. Seðlabankinn hefur ekki gripið inn í gjaldeyrismarkaðinn síðan 12. október 2001. Hann átti hins vegar viðskipti við tvo viðskiptavaka í byrjun desember þar sem um var að ræða sérstök viðskipti sem kynnu að hafa haft óæskileg áhrif á gengi krónunnar hefðu þau farið um markaðinn. Markaði með gjaldeyrisskiptasamninga var komið á laggirnar undir lok nóvember og var honum vel tekið. Átla má að þessi markaður hafi átt sinn þátt í að draga úr lausaffjárþrengingum sem gert höfðu vart við sig hjá einstaka banka. Endurhverf viðskipti við Seðlabankann hafa verið með mesta móti og nam fjárhæð úti-standandi endurhverfra lána bankans hæst tæplega 85 ma.kr. upp úr miðjum janúar. Vextir á milli-bankamarkaði með krónur hafa verið háir en ávöxtunarferillinn hallar niður sem bendir til væntinga um minnkandi verðbólgu. Verðbólguvæntingar sem lesa má úr ávöxtun skuldabréfa benda einnig til auk-innar trúar á að verðbólguþröskulmið Seðlabankans náist. Hlutaaffjarmarkaður hefur verið að hjarna við eftir mikla verðlækkun á síðustu misserum.

Vaxtalækkun og gengissig ...

Þann 8. nóvember tilkynnti Seðlabankinn um 0,8 prósentustiga lækkun stýrivaxta. Í kjölfarið lækkuðu innlánsstofnanir vexti sína á óverðtryggðum inn- og útlánum sem nam vaxtalækkun Seðlabankans. Þetta var önnur vaxtalækkun Seðlabankans á árinu en hin fyrri, 0,5 prósentustig, átti sér stað 28. mars. Gengi krónunnar lækkaði fyrst eftir vaxtalækkunina. Hæst var vísitala gengisskráningar 28. nóvember, 151,16 stig, en innan dags fór vísitalan hærra í einhverjum tilvikum. Teikn voru þó á lofti sem bentu til þess að ekki væri langt í að lágmarki veikingarinnar yrði náð,

þar eð raungengi krónunnar var í áratuga sögulegu lágmarki og einkavæðingaráformum virtist miða vel áfram. Þá vitnaðist um áhuga aðila vinnumarkaðarins á að ræða hugsanlega frestun á endurskoðun kjarasamninga sem átti að fara fram í febrúar 2002. Að auki bárust fréttir af góðri afkomu fyrirtækja í út-flutningsgreinum og annarra fyrirtækja sem virtust hafa náð að aðlaga rekstur sinn erfiðari ytri skil-yrdum, þótt fjármagnsliðir væru enn neikvæðir m.a. vegna gengissigsins. Þann 29. nóvember voru birtar tölur um vöruskiptajöfnuð sem var jákvæður. Brugðust aðilar á gjaldeyrismarkaði skjótt við og vísitala gengisskráningar hækkaði um 1,6% þann dag og hinn næsta. Þessi styrking gekk þó til baka að nokkru á næstu dögum og var vísitalan skráð 149,8 hinn 7. desember.

1. Í þessari grein eru notaðar upplýsingar sem tiltækar voru þann 25. janúar 2002.

... en síðan varð snúningur

Snemma í desember sömdu síðan aðilar vinnu- markaðarins um frestun á endurskoðun kjarasamninga og með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um stuðning við þessi áform ásamt vilýrðum um ívilnanir varð þriggja mánaða frestun að veruleika. Í samningnum var sú viðmiðun að kjarasamningum yrði ekki sagt upp yrði vísitala neysliverðs ekki hærrí en 222,5 stig í maí 2002. Þessir atburðir ásamt fréttum af afgangi í vöruviðskiptum við útlönd í október og minnkandi viðskiptahalla á þriðja fjórðungi ársins ollu straumhvörfum á gjaldeyrismarkaði. Þau réðust einnig af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að lánamálum ríkissjóðs yrði hagað þannig að þau styddu gengi krónunnar. Framboð á erlendum gjaldeyri jókst mikið og vísitala gengisskráningar tók að lækka hratt hinn 10. desember. Gengi krónunnar styrktist á hverjum degi nær óslitið fram yfir áramót. Lægst var vísitala gengisskráningar 139,68 þann 4. janúar 2002 en síðasta dag ársins 2001 var vísitalan skráð 141,8.


Nýtt sveiflubil raskaðist lítið þrátt fyrir óvænt tíðindi

Frá miðjum desember hefur vísitala gengisskráningar sveiflast frá gildinu 139 til 142. Stöku sinnum hefur vísitalan skotist niður fyrir 139 innan dags og sömuleiðis hefur hún læðst yfir 142 um skamma hríð. Markaðurinn hefur róast mikið og sveiflur vegna einstakra viðskipta hafa verið tiltölulega mildar. Að morgni 14. janúar 2002 var birt neysliverðsvísitala fyrir janúar og reyndist hún töluvert hærrí en spár sögðu til um. Þetta olli tímabundinni ókyrrð sem þó reyndist minni en ætla hefði mátt.

Hugsanlega hafði verulega jákvæður gjaldeyrissjöfnuður viðskiptavaka að morgni þessa dags sitt að segja. Svo virðist sem þokkalegt jafnvægi hafi verið í flæði gjaldeyris og hefur það róað markaðinn. Spákaupmenn hafa látið á sér kræla en virðast fara varlegar í sakirnar en oft áður og leggja minna undir í hvert sinn. Síðari hluta janúar styrktist krónan enn á ný og var vísitala gengisskráningar 139,36 þann 22. janúar. Mynd 1 sýnir þróun vísitölu gengisskráningar og viðskipti á gjaldeyrismarkaði.

Nýr markaður ...

Nýr millibankamarkaður með gjaldeyrisskiptasamninga tók til starfa 26. nóvember sl. Markaðurinn er enn óformlegur en í undirbúningi er að setja formlegar reglur um starfsemi hans. Með gjaldeyrisskiptasamningnum skiptast aðilar á tveimur ólíkum gjaldmiðlum og að tilteknum tíma liðnum ganga viðskiptin til baka. Verð samningsins tekur mið af mismuni vaxta á millibankamörkuðum með viðkomandi gjaldmiðla og tímalengd samningsins. Vextir á íslenskum millibankamarkaði með krónur eru nokkru hærrí en vextir á millibankamarkaði með Bandaríkjadali, þ.a. sá sem fær íslensku krónurnar þarf að greiða hærrí vexti í endurgjald. Þessi markaður getur dregið úr sveiflum á vöxtum og gengi þar sem meiri velta verður á mörkuðum. Gjaldyrisskiptasamningar eru hlutlausir gagnvart gjaldeyrissjöfnuði þeirra sem taka þátt í slíkum samningum þar sem sölu í einni mynt fylgja jafnframt framvirk kaup í annarri og öfugt. Gjaldyrisskiptasamningar eru einnig ein af þeim leiðum sem færar eru til að miðla



lausu fé, t.d. krónum. Þannig getur aðili sem vantar krónur en hefur fullnýtt lánasvigrúm sitt hjá öðrum gert slíkan samning, enda er áhættan í þessum samningum allt önnur og minni en á beinum lánum á krónumarkaði þar eð báðir aðilar hafa óbeint veð í öðrum gjaldmiðli. Áhættan er því einungis verðbreytingaráhættan, höfuðstólnum er ekki hætt. Viðskipti fyrstu tvo mánuðina á hinum nýja markaði námu 29 ma.kr. miðað við stundargengi samninga. Þar af námu viðskipti Seðlabankans fjórum ma.kr. Mynd 2 sýnir viðskipti á millibankamarkaði með gjaldeyrisskiptasamninga fyrstu tvo mánuðina sem hann var starfræktur.

... og breyttar aðferðir draga úr sveiflum

Á undanförunum mánuðum hefur Seðlabankinn átt viðskipti við viðskiptavaka á gjaldeyrismarkaði með svokölluðum inngripum, þ.e. bankinn hefur hringt í alla viðskiptavaka, því sem næst samtímis, beðið um verðtilboð og átt viðskipti. Bankinn hefur gripið inn í markaðinn þegar hann hefur talið að ekki væru forsendur fyrir framvindunni á markaði hverju sinni eða til þess að koma í veg fyrir svokallaða spíralmyndun þegar svo virtist að hún væri yfirvofandi eða hafin. Við inngripin urðu stundum snöggar breytingar á gengi krónunnar. Ástæða þótti að kanna hvort aðrar leiðir gætu hentað betur í vissum tilvikum, t.d. þegar markaður er mjög kvikur eða sérstök viðskipti eru yfirvofandi. Það varð því úr að Seðlabankinn bauð viðskiptavökum á gjaldeyrismarkaði upp á bein viðskipti þegar sérstök eða óvenjuleg viðskipti eru annars vegar sem síðan væru tilkynnt út á markaðinn. Seðlabankinn metur hverja beiðni fyrir sig út frá nokkrum forsendum, m.a. aðstæðum á markaði, fjárhæð viðskipta og eðli viðskiptanna sem að baki liggja. Á grundvelli þessara breyttu háttu urðu tvenn viðskipti snemma í desember. Annars vegar átti bankinn viðskipti við einn viðskiptavaka að fjárhæð u.þ.b. 1 ma.kr. og hins vegar átti bankinn fjögurra ma.kr. viðskipti við Búnaðarbanka Íslands hf. í tengslum við samruna hans og Gildingar hf. Í þeim viðskiptum var þörf á gjaldeyri vegna mismunar á gjaldeyrisbundnum eignum og skuldum sem gerðu það að verkum að eftir samrunann hefði Búnaðarbankinn ekki uppfyllt kröfur um gjaldeyrisjöfnuð. Í tengslum við þessi viðskipti gerði Seðlabankinn fjóra gjaldeyrisskiptasamninga við Búnaðarbankann, hvern að fjárhæð


u.þ.b. 1 ma.kr., sem renna út á mánaðarfresti frá viðskiptunum.

Lausafjárskortur ætti ekki að vera vandamál ...

Lausafjárskortur virðist vera fremur stofnanabundinn því að sumar lánastofnanir hafa rúma lausafjárstöðu og hafa getað nýtt sér hana í hagnaðarskyni um nokkurt skeið. Hinar virðast ekki hafa gripið til allra tiltækra ráðstafana til þess að lina lausafjárþrengingar. Seðlabankinn hefur ekki séð ástæðu til þess að grípa til neinna ráðstafana þótt biðlað hafi verið til hans. Markaðurinn með gjaldeyrisskiptasamninga hefur létt þessum stofnunum nokkuð lífið að undanförunu því að með honum gefst þeim sem hafa virkar lánalínur í erlendum gjaldeyri tækifæri til að skipta á gjaldeyri og íslenskum krónum um tíma. Kjörin á þessum markaði taka mið af kjörunum á millibankamarkaði með krónum og því eru vaxtaupplýsingar til lengri tíma en viku orðnar mun marktækari en áður. Visbindingarnar sem gefa til kynna lausafjárskort einstakra aðila eru helst vextir á krónumarkaði.

... þar eð aðgangur að krónum í Seðlabankanum er greiður

Sé litið til lengri tíma, eða til þess tíma sem inngrip Seðlabankans hafa varað (þ.e. frá júníbyrjun árið 2000), og skoðaðir þeir þættir sem helst hafa áhrif á lausafjárstöðu verður niðurstaðan athyglisverð eins og sjá má í töflu 1. Hún er sú að krónustaðan sé heldur rýmri en við upphaf inngripa, lánastofnanir hafa því getað náð í laust fé í Seðlabankann með endurhverfum viðskiptum í stað þess sem Seðlabankinn og ríkissjóður taka af markaði með öðrum hætti. Þar að auki hafa lánastofnanir aðgang að daglánnum sem auka svigrúmið enn frekar. Nokkurt jafnvægi virðist því enn ríkja enda gæfi mikil aukning á lausu fé til kynna aukið peningaústreymi úr Seðlabankanum sem getur aukið verðbólgu þegar fram líða stundir. Miðlunarferli kann þó að vera áfátt og hafa þegar verið stigin skref til úrbóta, m.a. með stofnun markaðarins með gjaldeyrisskiptasamninga. Lausafjárskort einstakra stofnana má að nokkru leyti rekja til þess að útlán þeirra hafa vaxið meira en hinna og þeim hefur ekki tekist að auka innlán í sama mæli og aðrar stofnanir. Þar að auki hafa viðkomandi stofnanir ekki kosið að auka verðbréfaútgáfu eða styrkja eigið fé í þeim mæli sem þarf til að vinna upp mismuninn og því eru þær í þrengri stöðu. Mynd 3 sýnir




stöðu endurhverfra samninga við Seðlabankann frá ársbyrjun 2001.

Tafla 1 Áhrif Seðlabanka og ríkissjóðs á krónustöðu frá júníbyrjun 2000 til janúar 2002

	Ma.kr.
Breyting á stöðu endurhverfra viðskipta	53,3
Nettóihlutun Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði	-43,4
Breyting álagðrar bindiskyldu	-7,1
Breyting á stöðu ríkissjóðs	-1,3
Mismunur, krónugnótt	1,5


Vextir á krónumarkaði hafa hækkað ...

Frá upphafi nóvember og fram eftir janúar hækkuðu vextir á daglánnum á millibankamarkaði með krónur nokkuð. Lækkunar varð vart þegar Seðlabankinn lækkaði stýrivexti sína þann 8. nóvember en hún var skammvinn. Þetta má sjá á mynd 4. Nokkur lækkun kom þó fram 24. janúar en þá lækkuðu vextir í 12,95%. Nokkrum dögum fyrr voru þeir 13,6%. Hækkunin á síðari hluta ársins 2001 var þó ekki eins skörp og hækkunin árið áður en vextir á daglánnum á millibankamarkaði hækkuðu um 2,6 prósentustig frá septemberbyrjun árið 2000 til ársloka það ár samanborið við eins prósentustigs hækkun á sama tímabili árið 2001. Hækkun stóð þó heldur lengur í ársbyrjun 2002 en það skýrist þó að hluta af góðri stöðu ríkissjóðs um miðjan janúar vegna óvenju mikillar innheimtu opinberra gjalda. Viðvarandi lausafjárskortur einstakra lánastofnana skýrir hins vegar að mestu hækkun vaxtanna ásamt því að lánalínur milli aðila geta verið fullnýttar.



... og notkun daglána hefur aukist

Lausafjárskorturinn lýsir sér einnig í því að notkun daglána í Seðlabankanum hefur aukist verulega á síðustu mánuðum. Á árinu 2000 var meðalstaða daglána um 1,2 ma.kr. Frá ársbyrjun 2001 til ágústloka hækkaði meðalstaðan í 1,7 ma.kr. og frá þeim tíma snarhækkaði hún og var rúmlega 4,5 ma.kr. frá september til loka ársins. Mynd 5 sýnir þessa þróun. Notkun einstakra lánastofnana á daglánnum er mismikil og lítt háð stærð þeirra. Ljóst er að fyrirgreiðsla Seðlabankans við lánastofnanir er í einhverjum tilfellum nýtt til að fjármagna útlán umfram það sem eðlilegt er og kann það að gefa til kynna að vextir bankans séu of lágir, ella er arðsemi útlánanna sem fjármögnuð eru með Seðlabankalánnum vænlegri en áður hefur verið talið.



Seðlabankar hafa víða lækkað vexti til að örva hagvöxt

Nokkrar vaxtabreytingar hafa verið hjá seðlabönkum erlendis, í flestum tilvikum til lækkunar. Bandaríski seðlabankinn lækkaði stýrivexti sína um 0,25% þann 12. desember sl. og í 11 vaxtalækkunum á síðasta ári lækkaði bankinn stýrivexti sína um 4,75 prósentustig. Evrópski seðlabankinn og sá danski sem yfirleitt fylgir vaxtabreytingum Evrópska seðlabankans fast eftir, lækkuðu vexti sína þann 8. nóvember sl. um ½ prósentustig. Það sama gerði breski seðlabankinn. Kanadíski seðlabankinn lækkaði stýrivexti sína sömuleiðis um ½ prósentustig 27. nóvember, einnig sá svissneski hinn 7. desember og sá norski hinn 13. desember. Í allflestum tilvikum er verðbólga lítil og seðlabankar að lækka vexti til að örva hagvöxt en verðbólga er ekki vandamál. Ástandið hér á landi er þveröfugt þar sem ofþensla hefur ríkt og verðbólga er úr böndum. Vaxtamunur á milli Íslands og grannlanda er nú um 7% þegar horft er til þriggja mánaða ríkisvixla. Vaxtamunur á millibankamarkaði er hins vegar 9,3%.


Tíðindalítið á skuldabréfamarkaði ...

Vextir á verðtryggðum skuldabréfum lækkuðu strax eftir vaxtalækkun Seðlabankans en stigu síðan á ný. Ávöxtun húsbrefta var undir lok janúar áþekk ávöxtun í nóvemberbyrjun en ávöxtun spariskirteina hafði lækkað um u.þ.b. 0,2 prósentustig. Vextir óverðtryggðra skuldabréfa lækkuðu einnig skarpt við vaxtalækkun Seðlabankans en hækkuðu síðan aftur. Frá nóvember fram undir lok janúar lækkaði þó ávöxtun ríkisbréfa með gjalddaga árið 2003 um u.þ.b. ½ prósentustig en ávöxtun ríkisbréfa með gjalddaga 2007 hefur einungis lækkað um 0,1

prósentustig. Útgáfa húsbrefta var mikil á síðasta ári en í desember varð nokkurt lát á.

... en hlutabréfamarkaðurinn hefur vaknað til lífsins

Mikil umskipti hafa orðið á hlutabréfamarkaði. Viðskipti hafa aukist og verð hefur hækkað í flestum tilvikum. Yfir árið 2001 lækkaði úrvalsvisitala Verðbréfaþings Íslands um 11%. Frá byrjun nóvember hefur vísitalan hins vegar hækkað um rúmlega 13%. Vísitölur sjávarútvegsfyrirtækja og lyfjafyrirtækja hafa hækkað á sama tíma um rúmlega 16% en vísitölur fyrirtækja í upplýsingaiðnaði og byggingariðnaði hafa lækkað um 2% til 3%. Snúningur á verði fyrirtækja í sjávarútvegi markast af betri afkomu þeirra vegna lægra gengis krónunnar á undanförunum misserum auk hás afurðaverðs og góðra aflabragða. Mynd 6 sýnir þróun úrvalsvisitölnnar frá ársbyrjun 2001.



Rammi 1 Yfirlit gjaldeyrismarkaðar fyrir árið 2001

Vísitala gengisskráningar

Vísitala gengisskráningar var 120,8381 stig í lok árs 2000 en 141,7985 stig í lok árs 2001. Hún hafði því hækkað um 17,35% og krónan því veikst um 14,78%. Vísitalan var hæst skráð 151,1638 stig 28. nóvember og lægst 5. febrúar, 120,9555 stig.

Velta á gjaldeyrismarkaði

Velta á gjaldeyrismarkaði á árinu 2001 var 1.218 ma.kr. samanborið við 768 ma.kr. árið á undan. Meðfylgjandi tafla sýnir meðalveltu á dag miðað við hin ýmsu tímabil innan ársins. Verðbólguþáttur var tekið upp 28. mars og þóknunarkerfi var tekið upp á gjaldeyrismarkaði 1. júlí. Nokkurt umrót varð á gjaldeyrismarkaði í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september.

Tafla 1 Meðalvelta á dag skipt niður á tímabil

Frá	Til	Velta (m.kr.)	Fjöldi daga	Meðal- velta á dag (m.kr.)	Hækkun gengis- vísitölu (%)
3.1.2001	27.3.2001	116.677	61	1.913	1,91
28.3.2001	29.6.2001	550.015	60	9.167	10,73
1.7.2001	11.9.2001	120.817	51	2.369	-0,11
12.9.2001	31.12.2001	431.731	76	5.681	2,05
28.3.2001	31.12.2001	1.101.368	187	5.890	11,67
1.7.2001	31.12.2001	551.353	127	4.341	1,93
3.1.2001	31.12.2001	1.218.045	248	4.911	16,89

Taflan sýnir að meðalvelta á dag jókst eftir að verðbólguþáttur var tekið upp. Meðalvelta á dag lækkaði eftir að þóknunarkerfið var tekið upp. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort ástæðan sé sú að mesti hrollurinn hafi verið farinn úr markaðnum eftir að verðbólguþáttur var tekið upp eða hvort samræmi, þóknunarkerfi eða yfirlýsingar um erlenda lántöku ríkisins í lok júní hafi haft áhrif. Í kjölfar atburðanna í Bandaríkjunum í september jukust viðskipti töluvert á ný. Mest viðskipti á einum degi

voru 2. maí. Þá var veltan 36,3 ma.kr. sem er mesta velta á einum degi frá stofnun gjaldeyrismarkaðar.

Þóknun

Þóknunarkerfið var tekið upp 1. júlí sl. og er viðskiptavökum greidd þóknun ársfjórðungslega. Greidd þóknun verður í mesta lagi 100 m.kr. í heild á ársfjórðungi. Þóknun er greidd fyrir að setja fram kaup- eða sölu-tilboð í Bandaríkjadal sem aðrir viðskiptavakar sjá sér hag í að nýta. Þóknunarkerfið á því að virka letjandi á þá sem eru að hugsa um að fara inn á markaðinn til að nýta sér verð annarra markaðsaðila og draga úr líkunum á spiralamyndun. Reiknuð heildarþóknun varð hærri en 100 m.kr. bæði á 3. og 4. ársfjórðungi 2001 og var henni því skipt hlutfallslega á milli markaðsaðila. Reiknuð heildarþóknun fyrir síðari helming ársins var tæplega 357 m.kr.

Gengisflökt

Gengisflökt sýnir staðalfrávik dagsbreytinga vísitöluunnar. Flökkið jókst verulega eftir að verðbólguþáttur var tekið upp en minnkaði á ný eftir 1. júlí, þó ekki í fyrri horf. Þetta er í nokkru samræmi við veltu á gjaldeyrismarkaði. Gengisflökt tvöfaldaðist á milli ára síðustu þrjú árin.

Tafla 2 Gengisflökt

Valin tímabil á árinu 2001

	Staðalfrávik
1. janúar-27. mars	0,20%
28. mars-30. júní	1,14%
1. júlí-11. september	0,41%
12. september-31. desember	0,71%

Síðustu 3 ár

	Staðalfrávik
1999	0,17%
2000	0,35%
2001	0,72%

Inngrip

Seðlabankinn greip 14 sinnum inn í gjaldeyrismarkaðinn á árinu 2001 með samtals 24,4 ma.kr. sölu gjaldeyris. Til viðbótar inngrípunum átti bankinn viðskipti við tvo viðskiptavaka í desember fyrir samtals 5,1 ma.kr. Samtals var því heildarsala bankans á Bandaríkjadöllum til viðskiptavaka um 30 ma.kr. á árinu. Mest inngríp voru 27. mars en þá seldi bankinn viðskiptavökum 42 milljónir Bandaríkjadala.

Tafla 3 Sala SÍ á gjaldeyrismarkaði

	<i>M.kr</i>	<i>Millj. USD</i>
24. janúar	2.060	24
25. janúar	1.039	12
26. janúar	1.031	12
9. febrúar	1.033	12
23. mars	1.592	18
26. mars	1.464	16,5
27. mars	3.768	42
21. júní	2.545	24
28. september	1.063	10,5
1. október	1.207	12
3. október	1.199	12
8. október	3.390	33
10. október	1.834	18
12. október	1.208	12
7. desember	1.088	10
12. desember	4.017	38,5
Samtals	29.538	306,5

Gjaldeyrisjöfnuður

Viðskiptavökum er skylt að halda nokkru jafnvægi á milli gjaldeyrisbundinna eigna og skulda. Hlutfall gjaldeyrisjafnaðar af eigin fé verður að vera innan 30% í hvora átt. Þrátt fyrir þessa reglu er svigrúm viðskiptavakanna töluvert. Því fer þó fjarri að þeir nýti sér það. Mynd 1 sýnir þróun gjaldeyrisjafnaðar sem hlutfall af eigin fé yfir árið 2001.

